Baldur Eiríksson (1913-1988), framkvæmdarstjóri, Siglufirði

2011/104

Baldur Eiríksson fæddist 14. júlí 1913 á Ísafirði.

Baldur varð stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1934.

Eftir stúdentspróf sigldi hann til Þýskalands og starfaði hjá útgerðarfyrirtækjum bæði í Hamborg og Cuxhaven um tíma.
Baldur var virkur í störfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn og var kosinn í bæjarstjórn á Ísafirði árið 1935 aðeins 22 ára gamall.
Árið 1937 fluttist hann til Siglufjarðar.
Baldur var forseti bæjarstjórnar Siglufjarðar á árunum 1954-1966 og gegndi ábyrgðarstörfum sem því tengdust.
Hann var framkvæmdarstjóri Útgerðarfélags Siglufjarðar árin 1964-1969. Auk þess kenndi hann við Gangfræðaskólann á Siglufirði, kenndi námskeið, var prófdómari og starfaði um tíma sem skrifstofumaður.
Árið 1969 flutti Baldur til Akraness og varð fulltrúi hjá Sementsverksmiðju ríkisins á Akranesi.

Hann var virkur í ýmsum félögum og menningarsamtökum í gegnum árin m.a. Frímúrurunum og Rotary-klúbbnum.

Fyrri kona Baldurs var Hólmfríður Sveinbjörnsdóttir f. 22. júlí 1911, d.19. september 1967. Seinni kona Baldurs var Aldís Dúa Þórarinsdóttir f. 23. september 1921 d. 23. ágúst 2016.

Baldur varð bráðkvaddur þar sem hann hélt ávarp við afmælishátíðarhöld á Siglufirði, hann lést 13. ágúst 1988.

Afhendingin barst frá Önnu Þóru Baldursdóttur, dóttur Baldurs. Þetta er fyrsta afhendingin sem safninu hefur borist frá þessum skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
5. júní 2026

Katrín Björg Þórisdóttir
Skjalavörður

Geymsluskrá

2011 /104

Skjalaf.	Askja	Örk	Tímabil	Efni
A-Baldur Eiríksson				
A-Baldur Eiríksson				**1928 - 1939**
A	1	1	1930 - 1939	Söngva-borg (útg. 1939), gefið út af Kantötukór Akureyrar, Björgvin Guðmundsson valdi og bjó til prentunar; XII variations and coda for pianoforte eftir Björgvin Guðmundsson (1930), áritað af Björgvin til Baldurs.
A	1	2	1928 - 1928	Kvöldbæn eftir Björgin Guðmundsson.